

Mál nr. 97/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. apríl 2024.
2. Bréf V dags. 6. maí 2024 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 20. janúar 2024 hafi M verið ökumaður A sem sé í eigu vinnuveitanda hans. Hafi A ekið á bifreiðina B, sem sé í eigu M, en hún hafi verið mannlaus á bifreiðastæði. V hafi hafnað að bæta tjónið á B þar sem félagið teldi engan þriðja aðila hafa orðið fyrir tjóni.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til 6. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 en þar komi fram að það sé eigandi ökutækis eða umráðamaður sé hann skráður í ökutækjaskrá, sem beri ábyrgð á því og sé fébótaskyldur samkvæmt 4. og 5. gr. sömu laga. Ábyrgðartrygging A nái til sérhverrar skaðabótakröfu sem skylt sé að tryggja gegn samkvæmt lögnum. Í skilmála vátryggingarinnar komi þá fram að hún bæti ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eigum tryggingartaka eða tryggðs. Er þá vísað til fræðaskrifa þar sem fram komi að stjórnandi skráningarskylds ökutækis geti ekki reist kröfu á hendur eiganda vegna tjóns á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu. Slík krafa verði aðeins gerð á grundvelli sakar eða bilunar eða galla í ökutækinu. Í þessu tilviki sé þá ljóst að tjón á B verði rakið til sakar M sjálfs en sakar ekki eiganda A. Það sé þá til samræmis við eðli ábyrgðartrygginga að tjónvaldur geti ekki átt skaðabótakröfu á hendur sjálfum sér. Er þá vísað til þess að samkvæmt sérreglu 2. ml. gr. 14 í umræddum vátryggingarskilmálum bæti vátryggingin þó skemmdir á eigin bifreið tryggðs af völdum áreksturs hins tryggða ökutækis. Það ákvæði nái ekki til tjóns M enda teljist hann ekki tryggður samkvæmt skilmálunum þar sem hann sé hvorki eigandi né umráðamaður A.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Gildissvið ábyrgðartryggingar A hjá V er skilgreint svo í 13. gr. þeirra að vátryggingin nái til sérhverrar skaðabótakröfu á hendur tryggðum, þ.e. eiganda eða umráðamanni, sem skylt sé að tryggja gegn samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækisins.

Kemur þá til skoðunar hvort M eigi skaðabótakröfu á eiganda A vegna tjónsins. Í fyrirbyggjandi tjónstilkynningu M til V dags. 29. febrúar 2024, kemur fram að B hafi verið kyrrstæð og mannlaus í bifreiðastæði þegar M hafi tekið of harkalega beygju út úr innkeyrslu og ekið A aftan á B. Má því telja óumdeilt að M beri sök á umræddum árekstri.

Lög um ökutækjatrýggingar svara því ekki beint hvernig fari með kröfu tjónþola á hendur eiganda ökutækis þegar tjónþoli er einnig ökumaður og ber ábyrgð á tjóninu, en almenna reglan er sú að enginn geti átt kröfu á hendur sjálfum sér. Í fræðaskrifum hefur þá verið miðað við að stjórnandi ökutækis geti ekki byggt rétt sinn á hinni hlutlægu ábyrgðarreglu sem nú er að finna í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Hyggist stjórnandi ökutækis sækja bætur til eigenda þess vegna tjóns á munum verði slík krafa því aðeins reist á sök eiganda, en slíkt getur t.a.m. komið til ef bágð ástand bifreiðar leiðir til tjóns, eða á grundvelli þess að bilun eða galli komi fram við akstur ökutækisins. Eins og áður er rakið verður ekki séð að slíkar aðstæður séu uppi hér heldur sé tjón á B aðeins að rekja til aksturslags M er hann ók A úr innkeyrslunni. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir